



Starfsumhverfi einkaþjálfara STE1006

Lýsing

Þeir sem ætla sér að starfa við einkaþjálfun þurfa yfirgripsmikla þekkingu á mannlíkamanum og þjálffræði til að sinna viðskiptavinum sínum á sem áhrifaríkasta hátt. Hinn hluti þess að vera einkaþjálfari er að hugsa um þá þætti sem snúa að viðskiptalegu hlið starfsins s.s.

markaðssetning, sölumennska, skyldur verktaka gagnvart ríki og samfélaginu, framkoma og ímynd þjálfara á vinnustað.

Kenndar eru einfaldar aðferðir við að láta hugsanlega viðskiptavini vita af þjónustuframboði einkaþjálfarans, beita samningatækni við að loka sölu, búa til ímynd með góðri framkomu og líkamstjáningu, hvernig góð þjónusta vinnur að orðspori og hvernig sá þáttur er byggður upp. Ítarlega er farið yfir muninn á skyldum launþega og verktaka.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnlögmálum markaðsfræðinnar
- Grunntækni í sölumennsku og samningatækni
- Hvað einkennir góðan einkaþjálfara, fyrirmyndar framkomu sem og það að vera fyrirmynd viðskiptavina hans, bæði í lífstíl og þjálfun
- Mikilvægi þess að hafa skipulagskerfi á tímatöflum, æfingakerfum og öðrum skipulagsþáttum sem snerta starfið
- Hvernig hægt er að hámarka innkomu og lágmarka kostnað með góðu skipulagi
- Siðferðisskyldum einkaþjálfara

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Setja upp einfalda viðskiptaáætlun fyrir starfsemi einkaþjálfara
- Loka sölu
- Sýna góða framkomu í viðtalstímum og beita góðri líkamstjáningu auk þess að beita virkri hlustun
- Sýna ávallt fyrirmyndarframkomu með það í huga að einkaþjálfarinn er hans eigið vörumerki hvar sem hann er



Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Koma sér á framfæri á markaði og finna leiðir til að markaðssetja með notkun veraldarvefsins
- Hefja samtal við hugsanlega viðskiptavinu og loka sölu
- Standa skil á opinberum gjöldum ef starfað er sem verktaki
- Veita viðskiptavinum sínum hvatningu sem lið í lífstílsbreytingum þeirra
- Vera fyrirmynd á þann hátt er krafist er af fagfólki í líkamsræktariðnaðinum